

Alþingi  
Nefndasvið

Reykjavík, 3. febrúar 2026.

**Efni: Umsögn Mannréttindastofnunar Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997 (takmörkun á beitingu nauðungar), þskj. 445, 319. mál.**

Í rétti hvers einstaklings til friðhelgi einkalífs, sbr. 71. gr. stjórnarskrár Íslands nr. 33/1944, felst meðal annars réttur til þess að ráða yfir eigin lífi og líkama og vernd á líkamlegu og andlegu sjálfræði hvers einstaklings. Hvers kyns beiting nauðungar felur í sér íþyngjandi takmörkun á þessum réttindum og þarf því að vanda alla lagasetningu og framkvæmd á þessu sviði.


Af fyrrnefndu ákvæði stjórnarskrárinnar sem og ýmsum mannréttindaskuldbindingum sem Ísland er aðili að leiðir að einungis er heimilt að beita nauðung ef til staðar er skýr lagaheimild og þá aðeins ef brýna nauðsyn ber til. Í dag er staðan hins vegar sú að ýmis beiting inngripa, þvingana og valds er framkvæmd án fullnægjandi lagaheimildar, líkt og umboðsmaður Alþingis hefur bent á í skýrslum sínum í tengslum við eftirlit hans með frelsissviptum einstaklingum (OPCAT).

Að mati Mannréttindastofnunar Íslands (MAÍ) er afar mikilvægt er að bregðast við athugasemdum umboðsmanns og skýra lagarammann. Er umrætt frumvarp mikilvægt skref í þá átt og vonar stofnunin því að það verði samþykkt. Stofnunin telur frumvarpið í heild vel unnið og til þess fallið að auka líkur á því að nauðung verði ekki beitt nema í ítrustu neyð.

MAÍ fagnar því sérstaklega að stefnt sé að því að lögfesta meginregluna um bann við beitingu nauðungar og að setja eigi skýrari reglur um beitingu nauðungar í þeim tilvikum þar sem engum vægari úrræðum er við komið. Stofnunin fagnar og þeim breytingum sem gerðar hafa verið á frumvarpinu frá því það var lagt fram á 154. löggjafarþingi, svo sem banni við mismunun á grundvelli fötlunar, að öll tilvik um beitingu nauðungar skuli tilkynnt til sérfræðiteymis, að gildissvið frumvarpsins verði rýmkað o.s.frv. Þá hefur einnig verið bætt inn sérstökum ákvæðum og umfjöllun um

börn til samræmis við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013.

Virðingarfyllst,



Margrét María Sigurðardóttir,  
framkvæmdastjóri Mannréttindastofnunar Íslands